

Nd. 361. Tillaga til þingsályktunar
um strandferðasjóð.

Frá samgöngumálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka ýtarlega, hvort kleift sé að stofna strandferðasjóð, og leggja fram tillögur um það efni á næsta Alþingi, eða svo fljótt sem því verður við komið.

Greinargerð.

Frumvarpið um strandferðasjóð, er Þorbergur Þorleifsson þm. A.-Sk. hefir flutt á þskj. 108, hefir samgöngumálanefnd athugað. Telur hún, að það hafi ekki fengið nægan undirbúning og að leita beri álits og tillagna um þetta mál frá þeim aðiljum, sem það snertir sérstaklega. Hinsvegar er nú svo áliðið þingtímans, að sjáanlegt er, að nefndin getur ekki tekið málið til athugunar á þeim grundvelli, þannig, að það fái afgreiðslu á þessu þingi. Fyrir því hefir nefndin komið sér saman um að flytja þáttill. um þetta mál.